

Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar

FUNDUR – 27. apríl 2003

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd 27. apríl 2003.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

1. Samþykkt var að endurnýja hliðgrind á nátthagahólfi á Kirkjuskarði. Samþykkt var að ganga að tilboði Vélsmiðju Alla á Blönduósi að upphæð kr. 160.000, að viðbættum flutningskostnaði við málmhúðun.
2. Formaður lagði fram reikninga fjallasjóðs fyrir árið 2002. Innstæða í sjóði er kr. 235.374. Vakinn er athygli á því að ekki hefur verið kosin stjórn fjallasjóðs eftir síðustu kosningar.
3. Formaður lagði fram bréf til bæjarstjórans á Blönduósi þar sem hann óskar eftir lausn frá störfum.
4. Samþykkt var eftirfarandi varðandi forðagæslu. Landbúnaðarnefnd gerir alvarlegar athugasemdir við framkvæmd á forðagæslu nú nýverið, sérstaklega vegna þess að fénaður var ekki talinn til að sannreyna tölur sem gefnar voru upp í haust, en bent skal á að notast skal við framtalinn fénað á forðagæsluskýrslu við álagningu fjallskila. Talning hefur verið framkvæmd undanfarin ár við vorkoðun í Engihlíðarhreppi hinum forna og verið full þörf á.

Fleira ekki gert fundi slitið.

Gauti Jónsson
Árni Jónsson
Jakobína Halldórsdóttir